

# Af vettvangi bókasafna

**Árni Sigurjónsson fjallar um verkefni bókasafna**

**MIKLAR** framfarir hafa ein- kennst starf íslenskra bókasafna undanfarin tíu ár og hafa þær m.a. birst í því að fjölmög söfn hafa flutt í betra húsnæði, jafnframt því sem þau hafa tekið upplýsingatækni í sína þjónustu í vaxandi mæli. Á svíði upplýsingatækni má benda á tvænt sem uppúr stendur. Annað er hið nýja bókasafnskerfi, Gegnir (gegnir.is), hitt er lands- aðgangur að rafrænum tímáritum sem notendur þekkjá undir heitinu hvar.is.


**Tvenns konar verkefni á svíði upplýsingatækni**

Próunin á svíði upplýsingatækni bókasafna er hröð og nær bæði til skráa og safngagna.

Skrár bókasafna verða að vera til- tækar á veraldarvefnum, eigi þær að teljast boðlegar. Það eru þær orðnar að verulegu leysi með til- komu Gegnis, og nær það kerfi nú til sam- tals 175 safna og safn- útibúa en askilegt væri að bæta svo sem 25 söfnum í hópinn áður en innleiðingunni telst lokið um mitt næsta ár.

Gögn bókasafna burfa einnig að vera tiltæk á veraldarvefnum eftir því sem fært er, og er í því sam- bandi rætt um stafvæðingu (e. digi- taliseringu) þeirra. Að þessu hefur Landsbókasafnið unnið á und- anfönum árum, og mun hafa skannad um það bil 900.000 síður prentaðs efnis hingað til. Auk þessa tekur safnið afrit af hinum íslenska hluta veraldarvefjarins þrisvar ári.

Erlend söfn nota nú róbota til að stafvæða gamlar bækur og vinna þeir allan sólarhringinn. Íslensk söfn eiga engin súlik tæki. Nærtækast er að stafvæða fyrst allt það efni sem ekki nýtur lengur verndar af höfundalögum, en auk þess þarf stafvæðing að taka mið af eft- irspurn.



Arni  
Sigurjónsson

**¶Erlend söfn nota nú róbota til að stafvæða gamlar bækur og vinna þeir allan sólar- hringinn.¶**

vinnu við útgefendur og þá kannski bannig að dreifingarmiðstöð sái bæði um að skrá bækur og senda þær til bókasafna, eins og tilkast viða.

**Efla þarf millisafnalán**

Pegar notendur finna bók í Gegni komast þeir stundum að því að hún er ekki til í heimasafni þeirra en er til á safni í næsta bæj- arfélagi. Með auknu samstarfi bókasafna á að vera hægt að efla millisafnalán til muna. Í stað þess að bókavörðurinn svari „Nei, eins og þú séði í Gegni þá er þessi bók ekki til hér á safninu“ á hann alltaf að geta svarað: „Já, ég skal láta senda þér hana.“ Pannig mætti bæta til muna nýtinguna á hinum takmarkaða bókakosti þjóðarinnar. En ein helsta forsenda svona þjónustu er að sátt náist um skiptingu sendingarkostnaðar.

## Verkefni framundan

Ýmislegt má gera til að bæta starfsemi og samstarf bókasafna á Íslandi. Hér verður hugmyndum um það efni varpað fram til um- hugsunar.

## Sameiginleg skráning

Eftir að Ný-Gegnir var tekinn í notkun hefur orðið ljósara að söfnin í purfa að stilla saman strengi sína hvað varðar skráningu. Brögð hafa verið að því að nýtt geftur, íslenskar bækur séu skráðar oft í kerfið sem veldur ringulreið. Til að leysa þetta gæti þurft að skipta verkum milli safna með formlegum hætti, hvað skráningu varðar, eða jafnvel setja skráningu í hendur sjálfstæðs fyrirtækis sem annaðist skráning- arbjónustu. Skóla- safnamiðstöð hefur gegnt síku hlutverki í Reykjavík en vera má að svona starfsemi eigi frekar heima hjá

Landskerfi bókasafna eða Landsbókasafni- inu. Skrá þarf allar íslenskar bækur í Gegni áður en þær koma út, og mætti hugsa sér að þetta væri gert í sam-

## Sameiginleg lánþegaréttindi

Með Gegni var tekið í notkun eitt lánþegakort fyrir mestalt landið, því nú gildir kennitala notandans sem lánþeganúmer, sama hvaða Gegnissafn á í hlut. Lánþegaréttindi eru svo annar handleggur. Nýlega hafa nokkur almennings- bókasöfn í nágrenni Reykjavíkur sameinast um sameiginleg lánþega- réttindi, sem þýðir að sá sem hefur keypt sér lánsrétt í einu safnanna má þar með líksa fá bækur lánaðar í hinum. Þetta vekur þá spurningu hvort ekki væri best að hafa þetta samstarf miklu viðtökara og helst láta það ná yfir allt landið.

## Landsaðgangur að rafrænum gögnum

Hyggja þarf að rekstri lands- aðgangs að rafrænum gögnum (hvar.is). Tryggja þarf fjárhags- grundvöllinn með einhverjum hætti og koma rekstrinum í fastar skord- ur. Síðavandi fjöldi námsmanna lætur eins og pappírshemildir séu ekki til og nýtir sér eingöngu raf- ræn gögn við ritgerðasmíðar. Að- gangur þeirra og annarra lands- manna að vönduðum gagnakosti á netinu er lykilatriði fyrir mennta- kerfi okkar og rannsóknasamfélag.

## Víðtæk stafvæðing

Á komandi árum mun æ meira efni úr fórum safna og skyldra aðila verða tiltækta á veraldarvefnum. Á þetta ekki aðeins við um ritmál, heldur til að mynda ljósmyndir af listaverkum, nótur, hljóðupptökur bæði af tónlist og töluluðu máli, svo og sjónvarpsefni og kvíkmyndir. Mikilvægt er að þeir sem veita svona efni út á vefinn nýti sér staðl- aðar aðferðir við skráningu þeirra svo einhver vegur sé að finna það.

Pau áhugaverðu verkefni sem framundan eru á vettvangi bóka- safna útheimta að bæði for- ystumenn og eigendur þeirra taki höndum saman. Netvædd bókasöfn verða æ mikilvægari sem þekking- arveitir. Hvort sem horft er til varðveisluhlutverks safnanna sem snýr að fortíðinni eða til rann- sóknahlutverksins sem snýr að framtíðinni, þá eru upplýsingateknin og veraldarvefurinn bar í aðalhlutverki ásamt metn- aðarfullum starfsmönnum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.